



# *Hestamannafélagið Jökull*

Ársskýrsla æskulýðsnefndar

Veturinn 2022-2023

## **Hestamannafélagið Jökull**

Félagið var formlega stofnað 1. Júlí 2021 þó samstarf félaganna sem sameinuðust hafði varað farsællega um nokkurt skeið. Æskulýðsnefndir félaganna höfðu starfað sameiginlega í nokkur ár og við sameiningu eflidist æskulýðsstarfið til muna. Starfssvæði félagsins nær yfir Skeiða og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð og Grímsnes og Grafningshrepp svo ljóst er að vinna þarf ötullega að því að ná til sem flestra á stóru svæði.

Markmið æskulýðsnefndar er að vinna að öfluggu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi og reyna að ná til þeirra sem vilja stunda hestamennsku sem keppnisíþrótt og líka sem félagsstarf og áhugamál. Með fjölbreyttu starfi reynum við eftir fremsta megni að stuðla að nýliðun meðal ungu knapanna okkar um leið og við gerum okkar allra besta í að halda vel utan um þá sem eru lengra komnir og upp í unglunga og ungmennaflokk.

Gott starf æskulýðsnefndar er gríðarlega mikilvægt því uppbygging og framtíð félagsins byggist á æskunni okkar.

## **Æskulýðsnefnd 2022-2023**

Kristín Sigríður Magnúsdóttir, Elin Moqvist, Unnur Lía Schram, Guðbjörg Jónsdóttir, Guðrún Erna Þórisdóttir, Arna Þöll Sigmundsdóttir og Bára Másdóttir.

## **Samstarf við sveitarfélögin**

Í byrjun árs 2023 undirrituðu sveitarfélögin fjögur samstarfssamning við Hestamannafélagið Jökul þar sem kveðið er á um árlegan fjárhagslegan stuðning sveitarfélaganna við félagið. Tilgangur samningsins er m.a. að efla samstarf sveitarfélaganna og hestamannafélagsins Jökuls, tryggja öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglunga og efla starf félagsins.

## **Knapamerki**

Mikill áhugi er hjá félaginu að koma skipulagðri kennslu í hestamennsku sem valgrein inn í grunnskólana og eftir viðræður við alla skólana í uppsveitum haustið 2022 var farið af stað með Knapamerki 1.

Til að byrja með var farið af stað með tvo hópa og fljótlega tveimur til viðbótar bætt við og kennt allt haustið. Í byrjun árs 2023 var boðið upp á knapamerki 1 og 2 og kennt í 4 hópum fram á vor.

Hestamannafélagið sá um að útvega hesta og allan búnað og fóru um 25 krakkar í gegnum námið á haustönn og vorönn. Bókleg og verkleg kennsla fer fram í reiðhöllinni á Flúðum. Verkefnastjóri er Oddrún Ýr Sigurðardóttir og sinnir hún einnig kennslu ásamt Maiju Varis. Stefnan fyrir veturinn 2023-24 er svipuð og nú þegar eru tveir hópar farnir af stað.

Með þessu verkefni er krökkum sem ekki hafa beina tengingu í hestamennsku gefið færi á að kynnast íþróttinni á réttum forsendum sem eykur vonandi líkur á að þau kjósi að halda áfram að stunda íþróttina. Um leið bætir þessi kennsla einnig kunnáttu og færni þeirra sem eiga hesta og kjósa að taka knapamerki sem val í skólanum.

Með því að nám barna og ungmenna í hestamennsku sé valkostur í skólakerfinu skapast sterkari umgjörð sem stuðlar að markvissum vinnubrögðum við kennslu, námsmat, gerð námsgagna og um leið frekari útbreiðslu hestamenskunnar.



### ***Fyrsta hjálp fyrir hestakrakka***

Starfsár nefndarinnar hófst af krafti í október 2022 og byrjuðum við á skemmtilegum viðburði þar sem við hittum Heiðu Pálrúnu hjúkrunarfræðing sem fór yfir það helsta í fyrstu hjálp fyrir hestakrakka. Frábær mæting var á viðburðinn, góð stemmning og krakkarnir mjög áhugasamir. Þau lærðu helstu atriði í fyrstu hjálp og hvernig það nýtist þeim í hestamenskunni ef eitthvað kemur upp á hjá þeim eða öðrum í kringum sig. Virkilega fróðlegt og nytsamlegt inn í veturinn og framtíðina!



## Sirkusnámskeið

Í nóvember var boðið upp á Sirkusnámskeið/Liberty horsemanship þar sem kennari var Ragnheiður Þorvaldsdóttir. Hún hefur slegið í gegn með þetta vinsæla námskeið undanfarin ár meðal hestamanna og var engin undantekning á því þegar hún kom til okkar. Virkilega skemmtilegt námskeið til að nálgast hestamennskuna á annan hátt. Ragnheiður leggur mikið upp úr fjölbreytni í þjálfun og að gleyma ekki af hverju við erum öll í hestamennsku, JÚ AF ÞVÍ AÐ ÞAÐ ER SVO GAMAN. Bóklegir og verklegir tímar þar sem eingöngu er unnið með hestinn í hendi í allskonar smellu, brellu og umhverfisþjálfun.



## Kynningarfundur

Formlegur kynningarfundur starfsins var svo haldinn í byrjun janúar 2023 og mætti Rósa Birna Þorvaldsdóttir reiðkennari til okkar og var með frábæran fyrirlestur. Hestar voru á staðnum og gátu áhugasamir prófað að setjast á bak. Matur í boði félagsins og síðan var hlaupið og leikið fram á kvöld í reiðhöllinni. Farið var yfir síðasta starfsár, dagskrá vetrarins kynnt auk þess sem krökkunum og forráðamönnum gafst tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri.



## **Frumtamninganámskeið**

Í janúar byrjuðum við af krafti og boðið var upp á frumtamninganámskeið fyrir unglunga og ungmenni. Kennari var Inga María Jónínudóttir sem miðlaði af sinni miklu þekkingu til unga fólksins. Inga Mæja er flestum kunn, hokin af reynslu bæði við frumtamningar og kennslu í reiðmennsku og nálgast viðfangsefnið á léttan og skemmtilegan hátt. Markmiðið var að læra að vinna með minna gerð hross með hestvænum aðferðum og fá tækifæri til að æfa sig á milli helga, njóta og þroskast með hestinum.

Mikilvægt var þó að mæta með hest sem var reiðfær eða að minnsta kosti stilltur til að fá sem mest út úr kennslunni. Hverjum hesti og nemandi var mætt á þeim stað sem þau voru í tamningaferlinu og var mikil ánægja með þessa nýbreytni í námskeiðahaldi og árangurinn mjög góður.




## **Almennt reiðnámskeið**

Um miðjan janúar var farið af stað með reglulega reiðkennslu og voru reiðtímar að jafnaði einu sinni í viku fram í byrjun maí þar sem allir krakkar sem höfðu aðgang að hesti og búnaði áttu kost á að taka þátt. Yfirskriftin var almennt námskeið í reiðmennsku og hestaskemmtun þar sem börnum var raðað í hópa eftir aldri og getu og verkefni og markmið hvers hóps sett út frá því. Áhersla lögð á samspil knapa og hests í bland við leiki, þrautir og fræðslu. Reiðkennari var Eva María Aradóttir. Þessi námskeið eru klárlega að festa sig í sessi og er þátttaka yfirleitt mjög góð enda mikil eftirspurn eftir reglubundinni reiðkennslu.

## **Pollanámskeið**

Vinsælu pollanámskeiðin voru að sjálfsgöðu á sínum stað fyrir þau allra yngstu þegar leið á veturinn. Þetta voru virkilega skemmtilegir laugardagsmorgnar í mars og apríl þar sem markmiðið var að hafa gaman, hlæja, brosa og gera sitt allra besta, stundum alveg sjálfir og stundum með aðstoð foreldra. Kennari var Oddrún Ýr Sigurðardóttir, reiðkennari og þroskaþjálfari.



## Æska Suðurlands



Æska Suðurlands er mótaröð fyrir börn og unglunga og er samvinnuverkefni hestamannafélaganna Háfeta, Ljúfs, Sleipnis, Geysis og Jökuls. Mótadagar eru þrír og keppt er í tveimur greinum á hverju móti í hvorum flokki. Keppnisstaðir 2023 voru Flúðir, Selfoss og Hella. Virkilega skemmtileg mótaröð þar sem keppt er í fjölbreyttum greinum svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi! Árið 2023 var keppt í fjórgangi, þrígangi, smala, tölti, fimi, fimmgangi og hindrunarstökki.

Ágætis þátttaka var á mótunum og átti Jökull flotta fulltrúa á öllum mótunum sem stóðu sig með mikilli þrýði og náðu sumir á verðlaunapall.

Mikill vilji er fyrir að halda þessu samstarfi um þessa mótaröð áfram og verður byrjað strax í nóvember að undirbúa komandi tímabil.



## Stórsýning

Stórsýning Sunnlenskra hestamanna var haldin 7.apríl í Rangárhöllinni á Hellu. Þar voru tvö atriði frá hestamannafélaginu Jökli. Fram komu knapi Jökuls 2022 Hans Þór Hilmarsson og með honum voru þau Sigrún Högná og Þorvaldur Logi, en þau voru Íslandsmeistarar ungmenna í 150m skeiði og 250m skeiði.

Hitt atriðið voru börn og unglingar í Jökli sem heita Eyþór, Magnús, Sigríður, Hildur, Kristín og Svava Marý. Atriðið þeirra var virkilega flott, vel útfært og æft. Oddrún Ýr sá um að útfæra atriðið með krökkunum sem stóðu sig hrikalega vel undir mikilli pressu og kjafthfullu húsi!

## ***Félagsmót og æfingadagar***

Vetrarmótin voru þrjú þennan veturinn hjá Jökli. Einnig var opið páskatölt í reiðhöllinni á Flúðum og svo firmakeppni. Þátttaka á félagsmótum er alltaf að aukast og má það eflaust að einhverju leiti þakka auknu skipulögðu æskulýðsstarfi, sérstaklega var ánægjulegt að sjá hversu góð þátttaka var í polla og barnaflokki.

Fyrir öll þessi mót sem og Æsku Suðurlands var boðið upp á æfingatíma. Þar gafst krökkunum tækifæri til að fá leiðsögn kennara og undirbúa sig fyrir þátttöku á þessum mótum. Allir gátu nýtt þessa æfingatíma, engin krafa var gerð um þátttöku á mótunum en þessir tímar ýttu klárlega undir þátttöku og juku sjálfstraust og öryggi krakkanna í að taka þátt ☺

Kennarar voru til skiptis Maiju Varis, Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Sophie Dölschner, Finnur Jóhannesson og Eva María Aradóttir.



## ***Félags og fjölskyldureiðtúrar***

Útreiðanefnd var með eindæmum virk á starfsárinu og var farið í nokkra reiðtúra, flestir léttir og skemmtilegir þar sem öll fjölskyldan gat farið saman og notið samvista með góðum félögum og góðum hrossum. M.a. var farið í heimsókn til Háfeta í Þorlákshöfn og riðið um fjörurnar þar, síðan var farinn hringur í Þjórsárdal og einnig riðið á bökkum Stóru Laxá svo eitthvað sé nefnt. Þessir reiðtúrar voru vel sóttir og skemmtu sér allir konunglega.





## **Að skipta faxi**

Í byrjun maí héldum við skemmtilegt námskeið í umhirðu á faxi og hvernig á að skipta faxi og gera hestana extra fína. Námskeiðið var haldið á Sóleyjarbakka þar sem Arna og Steini lánuðu okkur aðstöðu og frábæra hesta sem krakkarnir fengu að spreyta sig á. Skemmtileg tilbreyting og var árangurinn góður og mikill metnaður hjá krökkunum að læra og gera vel. Kennari var Viktoría Brekkan.



## Húsatóftir

Í júní var boðið upp á þrjú námskeið þar sem hestar og allur búnaður var á staðnum. Námskeiðin voru haldin á Húsatóftum og kennari var Elín Moqvist. Í boði voru þrír mismunandi hópar, byrjendahópur 8-15 ára, börn 8-15 ára með einhverja reynslu og svo börn 4-7 ára sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku.

Þessi námskeið fyllast alltaf fljótt og mikil ánægja ríkir meðal barnanna sem annars hafa ekki aðgang að hestum. Gott tækifæri fyrir unga sem og eldri krakka að prófa hestamennsku og oftast er ekki aftur snúið ! Áhersla er lögð á jafnvægi og grunnatriði í reiðmennsku en lykilatriðið er þó alltaf að hafa gaman.



## Hrísholt

Sumarnámskeiðin í Hrísholti voru að sjálfsögðu á sínum stað. Tvö sjálfstæð námskeið tvær síðustu vikurnar í júní. Á þessi námskeið þarf að koma með hest, hnakk og hjálm og að sjálfsögðu góða skapið og stundum líka flugnanet. Reiðkennari var Ingunn Ingólfssdóttir sem kom alla leið að norðan til að kenna. Hún lofaði góðri stemmningu og það var svo sannarlega raunin. Tæplega 40 börn í heildina sem létu hvorki flugur né rigningu slá sig út af laginu! Í lok hvorrar viku var svo grillpartý og reiðtúrar þar sem aðstandendur, því fleiri því betra skelltu sér með krökkunum og Ingunni í léttu reiðtúra. Þessi námskeið eru svo sannarlega stór partur af sumrinu og virkilega gaman að sjá frábæra þátttöku og hvernig reiðkennarar hverju sinni nýta svæðið til kennslu þegar það er ekki reiðhöll á staðnum.



## **Keppnisnámskeið**

Keppnisnámskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni var haldið á vellinum á Flúðum í lok júní/byrjun júlí þar sem boðið var upp á 5 skipti einkatíma fyrir þá sem vilja bæta sig í keppni eða bara æfa sig og hestinn sinn með kennara. Frábært tækifæri til að æfa sig fyrir t.d íslandsmót eða gæðingamótið á Flúðum og fá leiðsögn til að byggja upp hestinn sinn fyrir mót framtíðarinnar. Kennari var Finnur Jóhannesson.



## **Gæðingamótið á Flúðum**

Gæðingamót var svo haldið 27-30. júlí á Flúðum og er mótið algjörlega búið að festa sig í sessi sem eitt af stærri mótum sumarsins. Jökull átti þar að sjálfsgöðu glæsilega fulltrúa sem náðu góðum árangri.

Einnig var gaman að sjá hversu margir krakkar létu sig varða að hjálpa til á mótinu, hvort sem það var að sjá um hliðvörslu, vinna í sjoppunni, rita hjá dómurum eða annan tilfallandi. Margar hendur vinna létt verk og mikilvægt að læra að mótahald er mikil vinna og allir geta lagt eitthvað af mörkum 😊





Jökull átti einnig mjög frambærilega fulltrúa í yngri flokkum á mörgum af stærri mótum sumarsins. T.d. á WR íþróttamóti Sleipnis, WR íþróttamóti Geysis, WR Reykjavíkumeistaramóti Fáks og Íslandsmótum. Fulltrúa Jökuls mátti einnig finna í meistaradeild æskunnar og meistaradeild ungmenna svo eitthvað sé nefnt.

Einnig áttum við einn fulltrúa, Hildi Maríu Jóhannsdóttur á FEIF Youth camp sem fram fór í Finnlandi 14.-19.júlí í Finnlandi. Frábært tækifæri til að kynnst hestamennsku annarra þjóða, auka skilning á menningarlegum mun okkar í nálgun á hestinum og að hitta ungt fólk með sama áhugamál.

## Miðengi

Dagana 13. - 16. ágúst var haldið reiðnámskeið í Miðengi þar sem komu 22 börn á námskeið og var kennt í fjórum hópum.

Reiðkennari var Halldór Þorbjörnsson og var mikil ánægja í hópunum. Á fimmtudeginum hittust svo knaparnir ásamt forráðamönnum sínum við fjárréttina fyrir ofan Laugarvatn og var riðið í hópi að Kringlumýri þar sem var slegið upp pylsupartýi og svo var gíst í skálanum.

Þrátt fyrir töluverða rigningu um kvöldið lét enginn það á sig fá og var mikið fjör.



## Vallamótið

Vallamótið fór síðan fram 19. Ágúst í blíðskaparveðri. Margt var um manninn þar sem bæði ungir sem og aðeins eldri nutu sín á þessum skemmtilega viðburði. Góð þátttaka var í öllum flokkum, margir krakkar tóku þátt í tengslum við námskeiðið í Miðengi og mikil gleði og góður andi var í hávegum hafður á Laugarvatnsvöllum.



## **Lokaorð og þakkir**

Mikill uppgangur er í starfi félagsins um þessar mundir, vetrarstarfið er að taka á sig mynd og hlökkum við til að takast á við ný verkefni í félaginu okkar sem vonandi heldur áfram að stækka og dafna. Mikill áhugi er meðal yngri kynslóðarinnar í félaginu og gott æskulýðsstarf er hverju félagi nauðsynlegt því krakkarnir eru jú framtíð félagsins. Við stefnum á að halda áfram að byggja ofan á fjölbreytt starf og bjóða upp á námskeið, fræðslu og skemmtun fyrir eins breiðan hóp og mögulegt er.



Við erum auðvita hrikalega stolt af krökkunum okkar sem standa sig vel hvar sem þau koma og eru okkur og félaginu til mikils sóma.

Við höfum einnig verið sérlega lánsöm með að hafa aðgang að frábæru fólki, reiðkennurum, foreldrum og öðrum félögum sem hafa hjálpað til við að gera gott starf að veruleika og viljum við nota tækifærið að lokum og segja stórt TAKK til allra sem lagt hafa starfinu lið og sérstaklega til krakkanna fyrir að taka þátt.

Við hlökkum til og horfum jákvæð til framtíðar og þeirra verkefna og viðburða sem framundan eru.

Áfram Jökull !

